

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 26. júní 2025 breytingu á deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls. Breytingin felst í því að lóð fyrir þjónustuhús færist um 70 m til norðausturs við jaðar bílastæðis. Lögun lóðar breytist en stærð hennar og ákvæði er varða þjónustuhúsið eru óbreytt. Bílastæði við þjónustuhús færast einnig og liggja nú vestan þess. Lega göngustíga næst áningarstaðnum breytist vegna færslu lóðarinnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 27. júní 2025.

Rögnvaldur Harðarson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2025